

GJALDSKRÁ fyrir hundahald í Snæfellsbæ.

1. gr.

Leyfi til hundahalds.

Sækja þarf um leyfir fyrir alla hunda, einnig hunda sem af einhverjum ástæðum eru undanþegnir leyfisgjaldi.

2. gr.

Um leyfisgjöld.

Snæfellsbær innheimtir gjöld vegna hundahalds samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ, nr. 757/2007.

3. gr.

Skráningargjald.

Við leyfisveitingu skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting, kr. 21.000.

Leyfisveiting eftir útrunninn frest, kr. 28.000.

Frestur til að skrá hunda er 2 vikur eftir að hundur er tekinn inn á heimili, en hvolpa skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri.

4. gr.

Eftirlitsgjald.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund, kr. 15.500.

Ekki er innheimt eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

Innifaloð í eftirlitsgjaldi hunda er greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu, heilbrigðisskoðun dýralæknis og árleg ormahreinsun.

5. gr.

Handsömunargjald.

Við afhendingu handsamaðra hunda skal innheimt handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds, kr. 16.000.

Önnur afhending hunds, kr. 32.000.

Þriðja afhending hunds, kr. 48.000.

Fyrsta afhending hunds sem ekki er skráður, kr. 32.000.

Óheimilt er að afhenda óskráða hunda nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar vegna handsamaðs hunds.

Verð pr. sólarhring pr. hund, kr. 3.000.

6. gr.

Undanþágur frá leyfisgjaldi.

Undanþága frá eftirlitsgjöldum er veitt sem hér segir:

Vegna minkahunda og smalahunda á lögbýlum.

Vegna hjálparhunda fyrir fatlaða einstalinga.

Vegna leitarhunda. Leitarhundur er undaþeginn leyfis- og eftirlitsgjaldi ef viðkomandi hundur hefur að minnsta kosti B-viðurkenningu sem gefin er út af viðurkenndum leiðbeinanda. Ljósrit af slíkri viðurkenningu skal afhent við umsókn um niðurfellingu gjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu gjalda sé hundurinn ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

Nr. 1587

10. desember 2020

7. gr.

Afsláttur af leyfisgjaldi.

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi, viðurkenndu af heilbrigðiseftirliti þar sem námskeiðið er haldið, er heimilt að veita 20% afslátt af gjöldum fyrir viðkomandi hund.

Framvísi eigandi tryggingaskírteini vegna ábyrgðartryggingar og kvittun frá dýralækni um að heilbrigðisskoðun og árleg ormahreinsun hafi farið fram annars staðar á kostnað eiganda, er heimilt að veita 10% afslátt af gjöldum fyrir viðkomandi hund. Þessum skírteinum skal skilað árlega.

8. gr.

Gjalddagi.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. apríl ár hvert og eindagi 30. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjald-daga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds er eftirlitsgjald endurgreitt í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

9. gr.

Annað.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, staðfestist hér með, samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, samanber samþykkt um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ nr. 757/2007, til að öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Snæfellsbæ, nr. 1214/2019.

Snæfellsbæ, 10. desember 2020.

Lilja Ólafardóttir bæjarritari.

B-deild – Útgáfud.: 2. febrúar 2021